

Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	16,55%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	13,01%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	12,85%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	20,08%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1982:

Kjósarsýsla:

Hólaland á loðdýraræktarbýli í landi Lykkju, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Stóra-Býla á smábýli í landi Ytra-Hólms, Innri-Akraneshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Dunhóll á nýbýli í landi Stóra-Búrfells, Svínavatnshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Stóra-Gröf ytri II á iðnaðarbýli í landi Stóru-Grafar ytri, Staðarhreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Hléberg á þjónustubýli í landi Hrafnagils, Hrafnagilshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Traðir á þjónustubýli í landi Sólbergs, Svalbarðsstrandarhreppi.

Norður-Múlasýsla:

Ormarsstaðir I á eignarhluta úr jörðinni Ormarsstaðir, Fellahreppi.

Ormarsstaðir II á eignarhluta úr jörðinni Ormarsstaðir, Fellahreppi.

Brekkubær á nýbýli í landi Bakka og Bakkagerðis, Borgarfjarðarhreppi.

Fellabær á þéttbýli norðan við Lagarfljótsbrú, Fellahreppi.

Móberg á sameinuðum jörðunum Móbergi og Steinboga, Hjaltastaðahreppi. Jafnframt var nafnið Steinbogi fellt niður.

Austur-Skaftafellssýsla:

Kot á nýbýli (smábýli) í landi Grundar, Nesjahreppi.

Rangárvallasýsla:

Efsta-Grund II á smábýli í landi Efstu-Grundar, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Ásheimar á nýbýli í landi Ásmundarstaða II, Ásahreppi.

Árnessýsla:

Dalbrún II á ylræktarbýli í landi Dalbrúnar, Biskupstungnahreppi.

Traðir á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

Brekkuskógur á nýbýli í landi Brekku, Biskupstungnahreppiu.

Básar á smábýli í landi Bjarnastaða, Grímsneshreppi.

Laugardælir III á garðyrkjubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.

Fiskalón á fiskræktarbýli í landi Þóroddsstaða, Ölfushreppi.

Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1982.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.